

Tillaga til ályktunar

– Nýtt íþróttafélag Víðis og Reynis –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að nýtt íþróttafélag sem stofnað verður í Suðurnesjabæ haustið 2025, sem Knattspyrnufélagið Reynir og Knattspyrnufélagið Víðir standa að, yfirtaki alla knattspyrnustarfsemi Reynis og Víðis og taki sæti í deildarkeppni Íslandsmóts karla keppnistímabilið 2026 í samræmi við stöðu þess aðstandandi félags sem hærra endar í lok keppnistímabilsins 2025.

Þó gildi eftirfarandi fyrirvarar vegna þessarar samþykktar:

- Ofangreind tillaga öðlast aðeins gildi ef að tillaga að stofnun nýs íþróttafélags í Suðurnesjabæ verði samþykkt á aðalfundum Knattspyrnufélagsins Reynis og Knattspyrnufélagsins Víðis á vordögum 2025.
- Nýtt íþróttafélag verði stofnað innan ÍSÍ og komi í stað Reynis og Víðis sem aðildarfélag innan KSÍ, enda mun íþróttastarfsemi á þeirra vegum öll falla undir hið nýja félag.

Greinargerð

Knattspyrnufélagið Reynir og Knattspyrnufélagið Víðir undirrituðu þríhliða viljayfirlýsingu með Suðurnesjabæ 29.10.2024 um stofnun nýs íþróttafélags í Suðurnesjabæ.

Stofnaður var stýrihópur með fulltrúum frá þessum þremur aðilum til að halda utan um verkefnið með það að markmiði að nýtt félag verði formlega stofnað í október eða nóvember 2025. Tillögur stýrihópsins verða lagðar fram á aðalfundum félaganna á vordögum 2025 og þar verður tekin formleg ákvörðun um það hvort að nýtt íþróttafélag í Suðurnesjabæ verði til. Verði af stofnun hins nýja félags mun allt íþróttastarf á vegum Reynis og Víðis falla undir það.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að markmiðin með því að vinna að stofnun nýs íþróttafélags séu eftirfarandi:

- Auka fagmennsku og gæði í íþróttastarfinu.
- Stuðla að fjölbreytni íþróttagreina.
- Til verði eitt íþróttafélag sem samfélagið í Suðurnesjabæ sameinast um.
- Stuðla að aukinni íþróttaiðkun hjá fólki á öllum aldri og af öllum kynjum.
- Unnið verður markvisst að uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar í Suðurnesjabæ og bættri nýtingu núverandi mannvirkja.
- Aukinn og markvissari stuðningur frá Suðurnesjabæ við hið nýja íþróttafélag.

Knattspyrna er lang stærsti hluti þess starfs sem fer fram á vegum Reynis og Víðis. Þess vegna er mikilvægt að það sé ljóst í hvaða stöðu hið nýja félag verður í deildarkeppni þegar það mætir til

leiks á keppnistímabilinu 2026 og skiptir það miklu máli fyrir knattspyrnusamfélagið á Suðurnesjum að það verði hærra sætið hjá gömlu félögunum tveimur. Laust sæti vegna þess félags sem endar neðar af félögunum tveimur skal farið eftir grein 23.1.11 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Það er mikilvægt fyrir önnur aðildarfélög innan KSÍ að vita með góðum fyrirvara hver staða hins nýja félags verður keppnistímabilið 2026.

Í ljósi þeirrar áherslu sem er á að stofnun félagsins sé nýtt upphaf í íþróttastarfi í Suðurnesjabæ er mikilvægt að nýtt félag geti hafið starfsemi með nýrri kennitölu. Verði hins vegar niðurstaðan að slíkt verði ekki samþykkt verður skoðað hvort að knattspyrnudeild hins nýja félags geti starfað undir kennitölu þeirrar knattspyrnudeildar sem hærra stendur fyrir keppnistímabilið 2026 og staða félagsins í deildarkeppni þar með tryggð.

Reynir S. og Víðir Garði